

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 158/1996.

1. gr.

1. og 2. tl. 3. gr. orðast svo:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 800 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 800 kr. greiðir sjúkratryggður 24%, en þó aldrei meira en 1.500 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 250 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 250 kr. skulu þeir greiða 12 %, en þó aldrei meira en 400 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. gr.

1. og 2. tl. 4. gr. orðast svo:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 800 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 800 kr. greiðir sjúkratryggður 40%, en þó aldrei meira en 3.000 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 250 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 250 kr. skulu þeir greiða 20 %, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. janúar 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. desember 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.